

## REGLUGERÐ

### um stuðning í nautgriparékt.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um stuðningsgreiðslur í nautgriparékt, svo sem greiðslur út á greiðslumark, greiðslur fyrir innvegna mjólk, gripagreiðslur, greiðslur til framleiðenda nautakjöts og fjárfestingastuðning, samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparéktar dagsettum 19. febrúar 2016.

##### 2. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð þá merkingu sem hér segir:

*Árskýr:* Meðalfjöldi einstaklingsmerktra kúa á lögbýli yfir 12 mánaða tímabil samkvæmt skráningu í Huppu. Til að teljast með þurfa kýrnar að hafa borið kálfi að minnsta kosti annað hvert ár samkvæmt upplýsingum úr Huppu. Kýr með meira en 730 daga frá síðasta burði reiknast ekki með í fjölda árskúa.

*Bústofn:* Miðlægur gagnagrunnur Matvælastofnunar til að halda utan um dýraeftirlit og forðagæslu í samræmi við lög um búfjárhald nr. 38/2013.

*Gripagreiðsla:* Fjárhagslegur stuðningur ríkisins til þeirra eigenda einstaklingsmerktra árskúa á lögbýlum sem uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar.

*Huppa:* Tölvukerfi og gagnagrunnur í eigu Bændasamtaka Íslands, sem heldur utan um afurðaskýrsluhald í nautgriparékt. Gögn sem verða til vegna skylduskráninga í samræmi við reglugerð þessa eru í umsjón og á ábyrgð Matvælastofnunar (MAST).

*Holdakýr:* Kýr af erlendu holdanautakyni að öllu leyti eða að hluta sem alin er til kjötframleiðslu.

*MARK:* Miðlægur gagnagrunnur Matvælastofnunar þar sem varðveittar eru upplýsingar um einstaklingsmerkingar búfjár samkvæmt gildandi reglugerð um merkingar búfjár.

*Nýliði:* Einstaklingur á aldrinum 18-40 ára, sem er að kaupa búrekstur eða að minnsta kosti 25% hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hefur leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á gildistökuári reglugerðar þessarar.

*Ónotað greiðslumark:* Greiðslumark lögbýlis mælt í líturum að frádreginni mjólkurframleiðslu búsisins á verðlagsárinu.

##### 3. gr.

##### *Handhafar greiðslna.*

Greiðslur samkvæmt reglugerð þessari fá þeir framleiðendur einir sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis með lögheimili á Íslandi og
- stunda nautgriparékt og reka nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

Hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, samkvæmt skráningu í þjóðskrá, sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir því við Matvælastofnun að greiðslum samkvæmt reglugerð þessari sé skipt jafnt á milli aðila. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi greiðslna.

Skilyrði fyrir greiðslum eru:

- þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands með fullnægjandi skilum í samræmi við 4. gr. og
- fullnægjandi skil á haustskýrslu í Bústofn skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Hver framleiðandi getur ekki fengið framlög samkvæmt reglugerð þessari sem nema hærra hlutfalli en 0,7% af árlegum heildarframlögum samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparéktar.

Framleiðendur sem eru ekki skráðir þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi eða hafa fallið út úr því vegna skilyrða 4. gr. skulu sækja um þátttöku til Matvælastofnunar á þar til gerðu eyðublaði í rafrænu umsóknarkerfi Matvælastofnunar. Umsóknum skal skila eigi síðar en 10. desember fyrir næsta almanaksár sem stuðningsgreiðslur eiga að hefjast.

Ef framleiðandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum samkvæmt reglugerð þessari er Matvælastofnun heimilt að endurkrefja nýjan framleiðanda um allar ofgreiddar stuðningsgreiðslur fyrir búið ef skipt hefur verið um handhafa á árinu. Ef handhafaskipti eru ekki tilkynnt til Matvælastofnunar með réttum hætti áður en lokauppgjör fer fram þá ber Matvælastofnun ekki að endurkrefja fyrri handhafa um ofgreiddar stuðningsgreiðslur fyrir búið.

#### 4. gr.

##### *Afurðaskýrsluhald.*

Til að þátttaka í afurðaskýrsluhaldi í nautgriparækt sé metin fullnægjandi skilyrði sem tilgreind eru í þessari grein vera uppfyllt, en miðað er við að unnt sé að rekja uppruna og afdrif allra gripa í hjörðinni á einfaldan og öruggan hátt, sem og safna áreiðanlegum upplýsingum um afurðir búans.

Framleiðandi skal skila hjarðbók og heilsukorti og tryggja rétta framkvæmd á merkingum nautgripa, í samræmi við gildandi reglugerð um merkingar búfjár með síðari breytingum.

Allur nautgripabústofn framleiðanda skal skráður í Huppu. Framleiðandi ber ábyrgð á skráningu á afurðum sem gripir búans gefa af sér.

Eftirfarandi skal skrá eða vera til staðar í afurðaskýrsluhaldi auk upplýsinga sem eru skráðar í hjarðbók búans (lágmarkskröfur):

1. Afdrif fangs hjá öllum kúm og kvígum.
2. Burðardagur kúa og kvígna, fjöldi fæddra kálfa og afdrif þeirra.
3. Fallþungi og gæðaflokkun allra sláturgripa, sem byggir á innlesnum sláturgögnum frá sláturhúsum.
4. Ástæða afsetningar kúa og kvígna og að fylgt sé tímamörkum um skráningar sem tilgreind eru í gildandi reglugerð um merkingar búfjár.
5. Nyt allra mjólkandi kúa (mjólkurskýrsla) í hverjum mánuði fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð.
6. Niðurstöður kýrsýna (mjólkursýni) úr öllum mjólkandi kúm sem mjólkurframleiðendur skulu taka tvisvar sinnum í hverjum ársfjórðungi. Mjólkursýni skal taka með viðurkenndum hætti og sýna þverskurð af mjólkinni úr viðkomandi kú.

Framleiðendur skulu staðfesta skýrsluhaldsupplýsingar í síðasta lagi 10. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð og á það jafnt við um mjólkurframleiðendur sem og þá sem eingöngu stunda kjötframleiðslu.

Afurðastöðvum er skylt að skila gögnum til Matvælastofnunar um innlagðar afurðir framleiðenda. Gögnin skulu innihalda upplýsingar um magn mjólkur, gæðaflokkun (tanksýni), sláturgögn samkvæmt gildandi reglugerð um merkingar búfjár og aðrar þær upplýsingar sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar. Innlegg mjólkur frá afurðastöðvum skal lesa inn í Huppu fyrir hvern framleiðanda.

Matvælastofnun skal tryggður fullnægjandi aðgangur að Huppu og undirliggjandi gagnagrunni til að tryggja m.a. að skýrsluhaldskerfið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til fullnægjandi afurðaskýrsluhalds.

#### 5. gr.

##### *Frestun eða niðurfelling stuðningsgreiðslna.*

Matvælastofnun skal fresta stuðningsgreiðslum til framleiðanda ef hann hefur ekki staðið skil á afurðaskýrsluhaldi, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, sem hér segir:

1. Stuðningsgreiðslur frestast frá og með 1. maí fyrir skýrsluhaldsmánuðina janúar til mars.
2. Stuðningsgreiðslur frestast frá og með 1. ágúst fyrir skýrsluhaldsmánuðina janúar til júní.
3. Stuðningsgreiðslur frestast frá og með 1. nóvember fyrir skýrsluhaldsmánuðina janúar til september.
4. Uppgjöri 1. febrúar árið eftir er frestað fyrir skýrsluhaldsmánuðina janúar til desember.

Þegar framleiðandi hefur staðið fullnægjandi skil á skýrsluhaldi fyrir skýrsluhaldsárið á undan skal Matvælastofnun greiða þær stuðningsgreiðslur sem frestað hefur verið til framleiðanda.

Matvælastofnun skal endurkrefja framleiðanda um stuðningsgreiðslur fyrir það tímabil sem hann þáði greiðslur fyrir ef hann stendur ekki skil á afurðaskýrsluhaldi.

Ef full skil á afurðaskýrsluhaldi hafa ekki verið gerð í Hoppu fyrir 1. mars vegna skýrsluhaldsársins á undan er Matvælastofnun heimilt að fella niður stuðningsgreiðslur framleiðanda. Matvælastofnun skal greiða öðrum framleiðendum 1. apríl, sem stóðust skilyrði fyrir greiðslum, þá fjármuni sem þannig verða til í samræmi við hlut þeirra í greiðslum ársins á undan.

#### 6. gr.

##### *Röskun framleiðsluskilyrða.*

Matvælastofnun er heimilt að ákveða að greiðslur samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dagsettum 19. febrúar 2016 verði greiddar til framleiðanda óháð framleiðslu á lögbýli ef framleiðsluskilyrði hafa raskast tímabundið vegna áfalla sbr. 32. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Framleiðandi sem telur sig hafa orðið fyrir slíkum áföllum skal sækja um greiðslur samkvæmt greininni til Matvælastofnunar sem tekur ákvörðun um hvort skilyrði áður nefndrar greinar laganna séu uppfyllt.

#### 7. gr.

##### *Opinbert eftirlit.*

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt.

#### 8. gr.

##### *Framkvæmdanefnd búvörusamninga.*

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er samráðsvettvangur samningsaðila samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga aflar upplýsinga um þróun framleiðslu og sölu á nautgripaafurðum, afurðaverð, inn- og útflutning nautgripaafurða, afkomuþróun í nautgriparækt auk annarra upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Á grundvelli upplýsinga skv. 2. mgr. getur framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveðið að færa fjármuni á milli einstakra verkefna sem falla undir samning um starfsskilyrði nautgriparæktar, sbr. töflu í viðauka I við samninginn. Heimilt er að færa árlega allt að 20% þeirrar fjárhæðar sem ætluð er til hvers verkefnis. Nefndin skal tilkynna Matvælastofnun um tilfærslur sem taka eiga gildi um áramót eigi síðar en 1. desember árið á undan.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga tekur ákvörðun um skerðingu framlaga ef ekki verður jöfnuður milli innlausnar og sölu greiðslumarks skv. 9. gr. og 10. gr.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögur um ráðstöfun framlaga sem ætluð eru til framleiðslujafnvægis skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Nefndinni er heimilt að ráðstafa slíkum fjármunum til eftirtalinna verkefna:

- a. Efling á markaðsfærslu nautgripaafurða.
- b. Sérstakar uppbætur fyrir slátrun kálfa og kúa.
- c. Tilfærsla í aðra framleiðslu á kúabúum.
- d. Tímabundnar býlisgreiðslur óháðar framleiðslu.

Matvælastofnun skal ráðstafa framlögum samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

## II. KAFLI

### **Greiðslumark.**

#### 9. gr.

##### *Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2019 skal vera 145 milljónir lítra og skiptist á greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á framleiðsluárinu 1. janúar til 31. desember 2018.

Aðilaskipti að greiðslumarki eru óheimil. Matvælastofnun er þó heimilt í eftirfarandi tilvikum að staðfesta aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur:

- Þegar um er að ræða tilfærslu greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila. Tilfærsla greiðslumarks er þó aðeins heimil ef handhafi getur sýnt fram á með þinglýstu afsali að öll lögbýli sem tilfærsla greiðslumarksins varðar hafi verið skráð í hans eigu fyrir 15. júní 2018.
- Þegar aðilaskiptin að greiðslumarki fara fram milli aðila innan sama lögbýlis.
- Þegar um er að ræða sölu á greiðslumarki frá einu lögbýli til annars lögbýlis innan sömu jarðatorfu (tvíbýlis- eða margbýlisjarðar, sbr. ákvæði landskiptalaga nr. 46/1941), þótt skipt hafi verið með landskiptum að hluta til, enda sé salan til þess fallin að auðvelda kynslóðaskipti og sé að öðru leyti hagfelld.

Eigendum og leigendum lögbýlis þar sem greiðslumark er skráð er heimilt að stunda framleiðslu sína og rekstur í leiguádstöðu utan lögbýlisins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Greiðslumark sé bundið við framleiðsluádstöðu á einni jörð.
- Þinglýstur leigusamningur um framleiðsluádstöðu liggja fyrir.
- EKKI séu aðrir réttihafar greiðslumarks mjólkur með aðstöðu á sömu jörð og viðkomandi framleiðsluástaða er staðsett.

#### 10. gr.

##### *Innlausn greiðslumarks.*

Matvælastofnun annast innlausn greiðslumarks. Réttihafi greiðslumarks getur lagt fram beiðni um innlausn á ónotuðu greiðslumarki sínu á þar til gerðu eyðublaði sem Matvælastofnun útvegar. Með beiðni um innlausn á greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýli og samþykki ábúanda, sameigenda og þinglýst samþykki veðhafa jarðarinnar. Beiðni um innlausn er bindandi frá skiladegi beiðninnar um innlausn. Við innlausn á greiðslumarki skal seljandi endurgreiða greiðslur vegna greiðslumarks skv. 13. gr. vegna yfirstandandi framleiðsluárs sem svarar til þess magns sem selt er. Matvælastofnun skal draga fjárhæð þessara greiðslna frá innlausnarverði við frágang innlausnar og ráðstafa til endurúthlutunar til beingreiðslna.

Innlausn greiðslumarks skal fara fram 1. mars, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Framkvæmd innlausnar fer fram með eftirfarandi hætti:

<b>Innlausnardagur:</b>	<b>Matvælastofnun auglýsir innlausnarvirði eigi síðar en:</b>	<b>Skilafrestur vegna beiðni um innlausn:</b>	<b>Greiðslufrestur Matvælastofnunar:</b>
<b>1. mars</b>	1. janúar	15. janúar	15. mars
<b>1. maí</b>	1. janúar	15. mars	15. maí
<b>1. nóvember</b>	1. janúar	15. maí	15. nóvember

Greiðslumark framleiðanda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár skal ríkið innleysa á öðrum innlausnardegi hvers árs, án þess að bætur komi fyrir. Matvælastofnun skal þá tilkynna framleiðanda um væntanlega innlausn fyrir 15. febrúar það ár sem innlausn skal fara fram.

Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark út gildistíma samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar dagsetts 19. febrúar 2016. Núvirt andvirði greiðslna skal reiknast miðað við stýrivexti Seðlabanka Íslands 1. janúar ár hvert og greiðslur frá þeim tíma. Innlausnarvirði greiðslumarks helst óbreytt frá auglýsingardegi innlausnarvirðis til 31. desember ár hvert.

#### 11. gr.

##### *Sala á innleystu greiðslumarki.*

Matvælastofnun skal bjóða til sölu það greiðslumark, sem er innleyst, á því verði sem ríkið greiddi fyrir innlausn skv. 4. mgr. 10. gr. Það sem Matvælastofnun innleysti án þess að bætur komu fyrir skv. 3. mgr. 10. gr. skal boðið til sölu á innlausnarvirði skv. 4. mgr. 10. gr. og rennur söluandvirðið til greiðslna út á greiðslumark.

Framkvæmd vegna sölu á innleystu greiðslumarki fer fram með eftirfarandi hætti:

Kaupandi er skráður fyrir greiðslumarki frá:	Kaupandi nýtir greiðslumark á kaupári frá og með:	Innlausnarvirði skal auglýst eigi síðar en:	Skilafrestur umsóknar um kaup á greiðslumarki:	Greiðslufrestur vegna kaupa á greiðslumarki:
1. mars	1. janúar	1. janúar	15. janúar	15. febrúar
1. maí	1. janúar	1. janúar	15. mars	15. apríl
1. nóvember	1. janúar	1. janúar	15. september	15. október

Framleiðendur sem teljast nýliðar eða hafa framleitt a.m.k. 10% umfram greiðslumark á árunum 2013-2015 skulu hafa forgang að kaupum 50% þess greiðslumarks sem hefur verið innleyst. Það skiptist jafnt á milli forgangshópanna sem skiptist svo hlutfallslega í samræmi við þann lítrafjölda sem þeir óskuðu eftir að kaupa.

Það greiðslumark sem þá er eftir skal boðið öðrum kaupendum sem og kaupendum í 3. mgr., að frádregnu því magni sem þeir keyptu skv. 3. mgr., hlutfallslega í samræmi við þann lítrafjölda sem þeir óskuðu eftir að kaupa.

Nýliði sem á í lögaðila skal sækja um kaup á greiðslumarki á sinni kennitölu. Greiðslumark færast á búsnúmer lögbýlis og greiðslur fara að öðru óbreyttu til handhafa stuðningsgreiðslna búsnis.

Seljast innleyst greiðslumark ekki á yfirstandandi verðlagsári, þannig að ekki verði jöfnuður á innlausn og sölu greiðslumarks við uppgjör innlausnarmarkaða, skal því mætt með skerðingu milli verkefna samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga skv. 8. gr. Ef hins vegar er um umframeftirspurn að ræða skal innleystu greiðslumarki skipt milli kaupenda hlutfallslega í samræmi við þann lítrafjölda sem þeir óskuðu eftir. Fyrir hvert búsnúmer er að hámarki hægt að óska eftir kaupum á greiðslumarki sem nemur 100.000 lítrum á hverjum innlausnardegi. Þó getur hver aðili ekki fengið keypt meira en sem nemur 15% af því heildargreiðslumarki sem býðst hverju sinni. Matvælastofnun er heimilt að víkja frá þessu ef takmörkunin leiðir til þess að einhver hluti greiðslumarks sem er til sölu hverju sinni gengur ekki út.

Tilboð um kaup á greiðslumarki er bindandi þegar kaupandi greiðslumarks hefur innt greiðslu af hendi innan greiðslufrests skv. 2. mgr.

## 12. gr.

### *Nýting greiðslumarks.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Framleiðsla umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó gefið skriflega heimild til sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið.

Mjólk sem unnið er úr til sölu á sama lögbýli og framleiðsla fer fram telst til framleiðslu innan greiðslumarks.

Afurðastöðvar og aðrir sem hafa með vinnslu og sölu búvara að gera skulu láta Matvælastofnun í té upplýsingar um framleiðslu, sölu, birgðir og vinnslu.

## 13. gr.

### *Greiðsla út á greiðslumark.*

Greiðsla út á greiðslumark er framlag ríkisins til framleiðenda mjólkur og greiðist mánaðarlega úr ríkissjóði til handhafa beingreiðslna út á greiðslumark, sbr. 55. gr. laga nr. 99/1993. Handhafi beingreiðslna út á greiðslumark fær 1. hvers mánaðar 1/12 hluta greiðslna, óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 95% greiðslumarks á yfirstandandi verðlagsári.

## 14. gr.

*Uppgjör greiðslna.*

Sjái handhafi greiðslna út á greiðslumark fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 100% af greiðslum framleiðslutímabilsins, ber honum að tilkynna það Matvælastofnun, sem þá skal haga greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu.

Greiðslur vegna framleiðslu umfram greiðslumark skulu vera með þeim hætti að greiðslur vegna ónotaðs greiðslumarks gangi hlutfallslega til annarra greiðslumarkshafa. Skal fyrst greitt fyrir fyrsta prósentustig sem greiðslumarkshafi framleiðir umfram eigið greiðslumark og síðan annað prósentustig og svo áfram eftir því sem ónotað greiðslumark gefur tilefni til.

Afurðastöð skal senda Matvælastofnun tilkynningu um stöðvun mjólkurinnleggs, ef mjólkurinnlegg framleiðanda fellur niður í heilan mánuð eða lengri tíma.

## 15. gr.

*Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.*

Matvælastofnun reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur, heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og rétt til greiðslu samkvæmt því og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Matvælastofnun aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Matvælastofnun í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Matvælastofnunar og þær geta veitt.

## 16. gr.

*Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.*

Matvælastofnun skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýla. Framleiðendur eiga þess kost að koma á framfæri athugasemdum og skulu þær berast Matvælastofnun innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir framleiðslutímabilið. Matvælastofnun endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Matvælastofnun ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu endurútreikningsins gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til ráðherra, sbr. 27. gr.

## III. KAFLI

**Innvegin mjólk.**

## 17. gr.

*Greiðslur út á innvegna mjólk.*

Greiðslur á innvegna mjólk eru greiddar mánaðarlega á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki. Heildarupphæð árlegs stuðnings skiptist í 12 jafna hluta þannig að jafnhá upphæð er greidd í hverjum mánuði óháð framleiðslumagni. Upphæðin í hverjum mánuði deilist jafnt á alla innvegna lítra í þeim mánuði. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. mars 2019.

## IV. KAFLI

**Gripagreiðslur.**

## 18. gr.

*Fjárhæð til einstakra framleiðenda.*

Hlutdeild hvers framleiðanda í heildarframlagi til gripagreiðslna á hverju verðlagsári fer eftir fjölda árskúa samkvæmt afurðaskýrsluhaldi hans. Við ákvörðun á fjölda árskúa skal fyrsta viðmiðunartímabilið vera 1. desember 2016 til 30. nóvember 2017. Síðan skal fjöldi árskúa sóttur mánaðarlega úr afurðaskýrsluhaldi og breytingar á gripagreiðslum taka gildi tveimur mánuðum eftir það.

Heildargripagreiðslur verða eins og sýnt er í töflu hér að neðan, og skiptast þær í tvo flokka, mjólkurkúr og holdakúr. Útreikningur á fjölda mjólkurkúu byggir á gögnum úr lögbundnu skýrsluhaldi (HUPPU) þar sem stofn skal vera íslenskur og framleiðsluform mjólkurframleiðsla eða kjötframleiðsla. Ef stofn er af holdanautakyni og framleiðsluform er mjólkurframleiðsla reiknast árskúafjöldi þeirra gripa sem mjólkurkúr. Við útreikning á fjölda holdakúu er miðað við að stofn sé af holdanautakyni og framleiðsluform kjötframleiðsla. Árlega verður greiðslum sem til ráðstöfunar eru í hvorum flokki deilt á allar árskúr í viðkomandi flokki.

Mjólkurkýr (árskýr)	Hlutfall af óskertri greiðslu
1 - 50	100%
51 - 100	75%
101 - 140	50%
141 - 180	25%
> 180	0%

Gripagreiðslur skerðast ef fjöldi holdakúa framleiðanda á lögbýli er yfir þeim mörkum sem að neðan greinir, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Holdakýr (árskýr)	Hlutfall af óskertri greiðslu
1 - 200	100%
201 - 220	75%
221 - 240	50%
241 - 260	25%
> 260	0%

Ef heildarfjöldi árskúa á landinu er minni en sú viðmiðun sem stuðst var við í samningi skv. 1. gr., þ.e. 25.000 mjólkurkýr og 3.000 holdakýr, hækkar greiðsla ríkissjóðs á hverja árskú til samræmis.

19. gr.

*Gjald dagar gripagreiðslna.*

Gripagreiðsla samkvæmt 1. mgr. 18. gr. er greidd í upphafi hvers mánaðar.

V. KAFLI

**Kynbótastarf.**

20. gr.

*Ráðstöfun greiðslna vegna kynbótastarfs.*

Greiðslum vegna kynbótastarfs skal Matvælastofnun ráðstafa með eftirfarandi hætti:

1. 85% árlegra framlaga skal ráðstafa til aðila sem reka starfsemi í nautgripasæðingum. Framlagið skal greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli viðtakenda á grundvelli magns innveginna mjólkur á starfssvæði viðtakenda í næstliðnum mánuði. Þannig er framlagi vegna janúar skipt á grundvelli framleiðslu í næstliðnum desembermánuði.
2. 15% árlegra framlaga skal ráðstafa til jöfnunar á sæðingakostnaði til aðila sem reka starfsemi í nautgripasæðingum. Framlagið skal greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli aðila með eftirfarandi hætti:
  - a. 65% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt fjölda stöðugilda frjótækna sem starfa fyrir hvern aðila.
  - b. 20% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt heildarfjölda ekinna kílómetra pr. sæðingu á starfssvæði hvers aðila. Ekki er þó greitt fyrir fyrstu 20 kílómetra sem eknir eru vegna hvernar sæðingar.
  - c. 10% fjárhæðarinnar skiptist samkvæmt fjölda sæðinga á starfssvæði hvers aðila.
  - d. 5% fjárhæðarinnar renna til Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands til að standa straum af kostnaði við þjálfun frjótækna.

Heimilt er að ráðstafa allt að 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs skv. samningi um starfsskilyrði nautgripaæktar til að styrkja mikilvæg sameiginleg verkefni í kynbótastarfinu, s.s. kvíguskoðun o.fl. Framkvæmdanefnd búvörusamninga tekur ákvörðun um nýtingu heimildarinnar og skal ákvörðun tekin fyrir lok janúar ár hvert vegna yfirstandandi árs.

VI. KAFLI

**Nautakjötsframleiðsla.**

21. gr.

*Einangrunarstöð og sláturálag.*

Matvælastofnun skal samkvæmt tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga skv. 8. gr. ráðstafa framlögum til stuðnings við framleiðslu nautakjöts til eftirtalinna verkefna:

1. Einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erfðæfni holdanautgripa.

2. Sláturálags á nautakjöt sem uppfyllir eftirfarandi gæðakröfur:
  - a. Lágmarksþyngd grips sé 250 kg.
  - b. Nautakjöt falli ekki í EUROP gæðaflokk P og P-.
  - c. Gripur sé yngri en 30 mánaða.

Fjárhæð sem ráðstafað er til að greiða sláturálag á nautakjöt skiptist jafnt á þá skrokka sem fullnægja gæðakröfum skv. 2. tl. 1. mgr. Matvælastofnun skal ráðstafa greiðslum til framleiðanda í fjórum jöfnum hlutum í maí, ágúst, nóvember ár hvert og febrúar árið á eftir og skipta þeir með sér greiðslum úr ¼ hluta heildarframlaga hvers árs. Miða skal við slátrun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert.

## VII. KAFLI

### Fjárfestingastuðningur.

22. gr.

*Markmið.*

Greidd eru framlög til fjárfestingastuðnings í nautgriparækt. Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa.

23. gr.

*Aughlysing og umsókn.*

Matvælastofnun ráðstafar framlögum vegna fjárfestingastuðnings. Ár hvert auglýsir Matvælastofnun eftir umsækjendum um framlög til fjárfestingastuðnings. Framleiðandi í nautgriparækt sem uppfyllir skilyrði 3. gr. getur sótt um fjárfestingastuðning. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar, eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna framkvæmda á árinu eða að hámarki 12 mánuðum frá því framkvæmdir hófust.

Umsókn skal fylgja vönduð framkvæmda- og kostnaðaráætlun sem Matvælastofnun telur fullnægjandi. Ef um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa með umsókn, sjá þó c-lið í 4. mgr. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða er nægjanlegt að sýna drög að teikningu unninni af ráðunautum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins eða öðrum sambærilegum aðila.

Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram til að umsókn geti talist gild. Matvælastofnun getur kallað eftir frekari upplýsingum ef hún telur þörf á því við mat á umsókn:

1. Upplýsingar um nafn, kennitölu, og lögheimili framleiðanda sem sækir um stuðning.
2. Upplýsingar um búsnúmer lögbýlis sem sótt er um fjárfestingastuðning fyrir.
3. Tegund fjárfestingar sem óskað er stuðnings við:
  - a. Nýframkvæmdir.
  - b. Endurbætur á eldri byggingum.
4. Heildarkostnaður vegna fjárfestingar. Kostnaður við úttekt er styrkhæfur. Kostnaður vegna kaupa á tækniþúnaði er ekki styrkhæfur.
5. Rökstuðningur fyrir framkvæmd og hvernig framkvæmdin uppfyllir skilyrði fyrir stuðningi skv. 24. gr.
6. Upplýsingar um þegar greiddan fjárfestingastuðning vegna sömu fjárfestingar, ef við á. Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn:
  - a. Sundurliðuð kostnaðaráætlun og framkvæmdaáætlun með verklýsingu og tímasettri verkáætlun unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.
  - b. Byggingarleyfi eða staðfesting byggingarfulltrúa um að byggingarleyfis sé ekki krafist vegna framkvæmdar.
  - c. Samþykktar teikningar, ef við á. Drög að vinnuteikningum duga með umsókn ef framkvæmd er ekki hafin. Samþykktar teikningar skulu þó berast eigi síðar en við lokaúttekt.
  - d. Leyfi þinglýstra eigenda jarðar fyrir framkvæmd.

24. gr.

*Skilyrði stuðnings.*

Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd.



Stuðningur er veittur vegna eftirfarandi framkvæmda:

- a. Nýframkvæmda.
- b. Endurbóta á eldri byggingum.

Umsækjendur skulu skila fullnægjandi umsókn innan tilskilins tímafrests. Matvælastofnun skal fyrir 1. júní ljúka yfirferð umsókna og leggja mat á hvort þær uppfylli skilyrði fyrir stuðningi. Umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi gögnum sbr. 23. gr. hefur Matvælastofnun heimild til að hafna. Matvælastofnun tilkynnir umsækjendum um niðurstöðu matsins.

#### 25. gr.

##### *Afgreiðsla og útreikningur fjárfestingastuðnings.*

Matvælastofnun annast úthlutun fjárfestingastuðnings. Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna. Hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag ár hvert en 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins skv. fjárlögum.

Sé fyrirhugað að framkvæmdir sem sótt er um stuðning fyrir verði framkvæmdar á fleiri en einu ári skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu þeirra í heild sinni í verklýsingu, verk- og kostnaðaráætlun. Heimilt er að veita stuðning við sömu framkvæmdir til allt að þriggja ára samfelld og skal þá framleiðandi leggja inn nýja umsókn árlega. Framleiðandi sem fengið hefur hámarksfjárfestingastuðning skv. 3. másl. 1. mgr. þrjú ár í röð getur ekki sótt um stuðning að nýju fyrr en liðin eru þrjú ár frá síðustu styrkveitingu.

Við upphaf framkvæmdar sem telst styrkhæf greiðast 50% af samþykktri styrkuppahæð og 50% við skil á lokaskýrslu að teknu tilliti til skilyrða í 26. gr.

Matvælastofnun er heimilt, við útgreiðslu fyrri hluta styrks, að óska eftir staðfestingu frá byggingarfulltrúa um að framkvæmdir séu hafnar og afriti af reikningum eða hreyfingarlista úr bókhaldskerfi.

Lokaskýrsla felur í sér eftirfarandi gögn:

- a. Lokaúttekt byggingarfulltrúa, ef við á.
- b. Hreyfingarlista úr bókhaldskerfi eða afrit af reikningum vegna fjárfestingarkostnaðar sem styrkur nær yfir.
- c. Úttekt á vegum Matvælastofnunar, ef við á.
- d. Undirritaða yfirlýsingu styrkþega um framkvæmd sem naut stuðnings.

Framlög skerðast hlutfallslega vegna allra samþykktra umsókna ef fjármunir hrökkva ekki til að teknu tilliti til 1. mgr.

Hafi umsækjandi hlotið annan stuðning, bætur eða styrk samkvæmt reglugerð þessari, reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt eða nýliðunastuðning samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað vegna sömu framkvæmdar skal tilgreina það í umsókn og er Matvælastofnun heimilt að draga þá fjárhæð frá.

#### 26. gr.

##### *Eftirlit og úttektir.*

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að stuðningur sem veittur hefur verið hafi verið notaður til þeirra fjárfestinga sem getið er um í umsókn skv. 23. gr.

Matvælastofnun getur tekið út framkvæmd umsækjanda telji hún þess þörf, á kostnað hans. Ef Matvælastofnun telur að framkvæmdakostnaður eða einstaka kostnaðarliðir hafi farið fram úr því sem eðlilegt getur talist skal taka tillit til þess við útreikning á endanlegri styrkuppahæð. Matvælastofnun skal upplýsa umsækjanda um allar slíkar breytingar og gefa honum hæfilegan frest til andmæla.

Framleiðandi skal endurgreiða greiddan fjárfestingastuðning komi í ljós að stuðningur sem greiddur hefur verið hafi ekki verið nýttur til framkvæmda á framkvæmdaári sem sótt var um stuðning fyrir, kröfum gildandi reglugerðar um velferð nautgripa ekki uppfylltar eða vikið hafi verið frá upplýsingum samkvæmt umsókn án þess að Matvælastofnun hafi verið greint frá þeim frávikum.

VIII. KAFLI  
**Gildistaka og fleira.**

27. gr.

*Kæruheimild.*

Ákvörðun Matvælastofnunar um skráningu á greiðslumarki lögbýla og um rétt til beinna greiðslna er heimilt að skjóta til úrskurðar ráðherra innan þriggja mánaða, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga.

28. gr.

*Endurgreiðsla ofgreiddra greiðslna.*

Ef greiðslur samkvæmt reglugerð þessari hafa verið ofgreiddar ber handhafa greiðslna að endurgreiða ríkinu hið ofgreidda fé. Beri að endurgreiða skal handhafi endurgreiða greiðslur með vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma er greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Auk almennra vaxta skal handhafi greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Vextir skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá útgreiðslu.

29. gr.

*Skerðing og niðurfelling greiðslna.*

Matvælastofnun er heimilt að skerða, fella niður eða krefjast endurgreiðslu á stuðningsgreiðslum samkvæmt reglugerð þessari ef framleiðandi gefur vísvitandi rangar upplýsingar eða brýtur á annan hátt skilyrði reglugerðarinnar.

30. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið skv. lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

31. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. janúar 2019 og gildir til 31. desember 2019. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 1181/2017 um stuðning í nautgriparækt.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*